

Ed.

293. Nefndarálit

[2. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á síldarbræðsluskipti.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar telur, eins og sakir standa, að ekki verði hjá því komizt, að frumvarpið nái fram að ganga. Hins vegar álitur meiri hl. nefndarinnar alla meðferð málsins mjög óvenjulega og varhugaverða. Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur fengið, var fjárfestingarleyfi veitt af fjárhagsráði 15. marz 1948 og næsta dag var innflutnings- og gjaldeyrisleyfi veitt af viðskiptanefnd fyrir skipinu, sem gert var ráð fyrir, að yrði eldra en 12 ára, þrátt fyrir það að slík leyfisveiting var brot á fyrirmælum laga nr. 68 frá 5. júní 1947, um eftirlit með skipum. Viðskiptanefnd hafði enga heimild að gefa út slíkt leyfi á þeim tíma, sem það var gert. Hinn 28. júní tilkynnti h/f Hæringur samgöngumálaráðuneytinu, að keypt væri 45 ára gamalt skip. Ráðuneytið sendi bréf þetta skipaskoðunarstjóra til umsagnar. Hann svarar með bréfi 1. júlí og treystist ekki til að mæla með innflutningi skipsins. Bráðabirgðalög voru síðan gefin út 16. júlí, sem heimila að veita innflutning á slíku skipi.

Nefndarmenn eru sammála um, að mjög sé varhugavert að veita innflutning á svo gömlu skipi sem hér er um að ræða. En þótt meiri hl. nefndarinnar geti ekki verið samþykkur þeim gerðum, sem að framan er lýst, er honum ljóst, að ógerlegt er nú að ónýta þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar með miklum tilkostnaði, og leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 26. jan. 1949.

B. Kristjánsson,
fundaskr.

Björn Ólafsson,
frsm.

Steingr. Aðalsteinsson.

Sigurjón Á. Ólafsson.